

## D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 13. mars 2012 í máli nr. E-2018/2011:

**Tryggingamiðstöðin hf.**

*(Hjörleifur B. Kvaran hrl.)*

**gegn**

**Benedikt Eggertssyni og**

*(Hjördís Edda Harðardóttir hrl.)*

**Vátryggingafélagi Íslands hf.**

*(Heiðar Örn Stefánsson hdl.)*

### I

Mál þetta, sem dómtekið var 31. janúar sl., var höfðað af Tryggingamiðstöðinni hf., með stefnu birtri 27. og 29. apríl 2011, á hendur Benedikt Eggertssyni og Vátryggingafélagi Íslands hf.

Stefnandi krefst þess að stefndu verði *in solidum* dæmdir til að greiða honum 6.385.132 krónur. Þá er gerð krafa um að af 6.187.479 krónum reiknist vextir samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 25. september 2009 til 25. febrúar 2010 en dráttarvextir samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Af 197.653 krónum reiknist vextir samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 18. mars 2010 til 18. apríl 2010 en dráttarvextir samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar.

Stefndi Benedikt krefst þess aðallega að máli stefnanda verði vísað frá dómi og honum dæmdur málskostnaður. Til vara krefst hann sýknu og greiðslu málskostnaðar, en til þrautavara að stefnukrafa verði lækkuð verulega og málskostnaður felldur niður. Stefnda Vátryggingafélag Íslands hf. krefst aðallega sýknu og málskostnaðar en til vara lækkunar stefnukröfu og að málskostnaður verði felldur niður.

Með úrskurði dómsins upp kveðnum 14. nóvember 2011 var kröfu stefnda Benedikts um frávísun hafnað.

### II

**Málavextir**

Verktakafyrirtækið BG smíðar ehf. byggði árið 2007 einbýlishús á lóðinni Stórakrika 26, Mosfellsbæ. Byggingarstjóri verksins, í samræmi við 51. gr. þágildandi skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og 31. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998, var stefndi Benedikt. Hann var enn fremur húsasmíðameistari byggingarinnar. Hinn 28. mars 2007 átti að fara fram úttekt á steypumótum byggingarinnar að beiðni stefnda Benedikts. Mætti starfsmaður byggingarfulltrúa bæjarins, Þór Sigurþórsson, á staðinn til að framkvæma hana. Við úttektina hrapaði Þór og slasaðist. Lögreglan og Vinnueftirlitið voru kvödd á vettvang. Slysinn er lýst þannig í tilkynningu eftirlitsins: „Sá slasaði var að vinna að eftirlitsskyldu byggingarfulltrúa á járnalögn veggja og bita samkvæmt pöntun úttektar. Sá slasaði spurði byggingarstjóra um lengri stiga og hvort ekki væru öll knekti komin undir sliskjur vinnupalls. Ekki var lengri stigi til staðar og jánkaði byggingarstjórinn um öryggi vinnupallar. Sá slasaði klifrar upp á steypumót eftir kerfismóti sem lagt hefur verið upp að mótum og leitar að hentugum stað til að fara niður á vinnupall sem var fyrir utan og handriðalaus. Upphækkun var á mótum og voru þau ótraust. Sá slasaði fer niður á vinnupallinn og brotnar dokaplata sem notuð er í gólf vinnupallar undan hinum slasaða og hrapar hann niður um 4 m. Slasaði beinbrotnar á 4 stöðum á fæti, öxl og þremur rifbeinum. Einnig finnur hann fyrir eymslum í hnjúm, nára, hendi og hálsi. Slasaði var með öryggishjál. Teknar voru myndir af vinnupalli af hinum slasaða þar sem hann lá slasaður.“

Starfsmenn verktakans BG smíða ehf. önnuðust uppsetningu vinnupallsins en verktakinn hafði ábyrgðartryggingu hjá stefnanda. Stefnandi viðurkenndi bótaskyldu verktakans gagnvart tjónþola. Á grundvelli örorkumats greiddi stefnandi tjónþola, Þór Sigurþórssyni, hinn 24. september 2009, skaðabætur að fjárhæð 12.061.883 kr. Eftir það óskaði stefnandi eftir afstöðu stefnda, Vátryggingafélags Íslands hf., til bótaskyldu annars vegar úr starfsábyrgðartryggingu en hins vegar frjálsri ábyrgðartryggingu byggingarstjóra, stefnda Benedikts. Hafnaði félagið bótaskyldu.

Skýrslur fyrir dóminum gáfu Benedikt Eggertsson, Hans Ragnar Sveinþórsson og Þór Sigurþórsson.

### III

#### **Málsástæður stefnanda**

Kröfur sínar á hendur stefnda Benedikt byggir stefnandi á sakarreglunni. Í fyrsta lagi beri hann ábyrgð á tjóni því er mál þetta fjalli um sem byggingarstjóri., sbr. 51. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Nánari ákvæði um byggingarstjóra sé að finna í 2. kafla byggingarreglugerðar nr. 441/1998, gr. 31. – 36. Byggingarstjóri óski eftir úttektum byggingarfulltrúa sbr. 35. gr. reglugerðarinnar og skuli hann vera viðstaddur úttektir. Stefnda hafi því borið að sjá til þess að úttektin gæti farið fram hnökralaust og að allur aðbúnaður á verkstað væri í lagi og að úttektarmanni væri ekki hættu búin. Það hafi hins vegar misfarist í því tilviki sem hér sér til meðferðar. Á því beri byggingarstjórinn ábyrgð. Tjónið verði rakið til gáleysislegrar hegðunar stefnda sem ekki hafi sinnt þeirri lagaskyldu sinni að tryggja öryggi á vinnustað. Í gögnum málsins komi fram að tjónþoli

„spurði byggingarstjórann um lengri stiga og hvort ekki væru öll knekti kominn undir sliskjur vinnupalls. Ekki var lengri stigi til staðar og jánkaði byggingarstjórinn um öryggi vinnupalls“. Beint orsakasamband sé milli saknæms aðgæsluleysis stefnda og tjónsins sem tjónþoli hafi orðið fyrir og sé tjónið sennileg afleiðing af saknæmu aðgæsluleysi.

Stefnandi telur stefnda Benedikt bera í öðru lagi ábyrgð á tjóni því er mál þetta fjalli um sem húsasmíðameistari. Samkvæmt byggingarreglugerð gr. 31.3 geti byggingarstjóri, að öðrum skilyrðum uppfylltum, einnig tekið á sér ábyrgð á einstökum verkþáttum byggingarframkvæmdar. Jafnvel þótt starfsmenn verktakans hafi annast uppsetningu vinnupallsins sé ábyrgð á frágangi hans og öryggi alfarið á vegum byggingarstjóra og/eða húsasmíðameistara. Vinnupallurinn hafi ekki staðist lágmarkskröfur um öryggi og á því beri stefndi Benedikt ábyrgð.

Kröfur sína á hendur stefnda, Vátryggingafélagi Íslands byggir stefnandi á að stefndi Benedikt hafi haft starfsábyrgðartryggingu og ábyrgðartryggingu hjá félaginu. Félagið hafi gefið út skilmála um lögboðna starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra nr. AP 28. Samkvæmt gr. 33.1 byggingarreglugerðar skuli starfsábyrgðartryggingin vera til staðar vegna fjárhagstjóns sem leitt geti af gáleysi í starfi byggingarstjórans. Félagið hafi án heimildar þrengt vátrygginguna og ákveðið að vátryggingin bæti ekki líkamstjón eða tjón á munum. Fjárhagstjón sem rekja megi til gáleysis byggingarstjóra kunni að verða rakið til mistaka við framkvæmd verksins en ekki síður til þeirra mistaka sem leitt geti til slyss á mönnum eða tjóns á munum. Verði ekki fallist á að félaginu beri að endurgreiða helming bótafjárhæðarinnar úr starfsábyrgðartryggingu stefnda Benedikts byggir stefnandi á því að endurgreiða beri stefnufjárhæðina úr frjálsri ábyrgðartryggingu hans. Starfsemi ábyrgðartryggingarinnar sé skilgreind sem byggingariðnaður og hið tryggða húsasmíði. Samkvæmt skilmálum ábyrgðartryggingar atvinnurekstrar gildi hún vegna tjóns sem menn valdi öðrum með saknæmum og ólögumætum hætti, þ.e. sakarreglunni. Vátryggingin bæti beint líkamstjón- eða munatjón þriðja manns vegna skaðabótaábyrgðar vátryggðs sem falli á hann samkvæmt íslenskum lögum.

Um lagarök vísar stefnandi til almennu skaðabótareglunnar, ákvæða þágildandi skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, byggingarreglugerðar nr. 441/1998, laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, reglna um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð nr. 547/1996 og reglugerðar um notkun tækja nr. 367/2006. Þá vísar hann til 44. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga. Um vaxtakröfu er vísað til laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001. Málskostnaðarkrafan byggist á 130. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1990.

### **Málsástæður stefnda Benedikts**

Stefndi byggir kröfu sína um sýknu á grundvelli aðildarskorts í málinu, með vísan til 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991. Vísar hann til þess að hann sé bæði með starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra og ábyrgðartryggingu atvinnurekstrar hjá

meðstefnda. Kröfu beri að beina að meðstefnda eingöngu, enda hafi meðstefndi ekki tilkynnt Benedikt sem váttryggðum að félagið hygðist ekki taka til varna fyrir hann. Vísar stefndi til 44. gr. laga nr. 30/2004 váttryggingarsamningalaga. Þá komi fram í skilmálum meðstefnda fyrir tryggingunum að félagið komi fram fyrir hönd váttryggðs og ráði málsmeðferð allri og annist málsmeðferð fyrir dómstólum ef á reynir.

Stefndi vísar til þess að verði litið svo á að umræddur vinnupallur hafi verið vanbúinn, byggji hann á því að verktakinn BG smíðar ehf., sem sett hafi pallinn upp, beri eingöngu ábyrgð á vanbúnaðinum. Fyrirtækið hafi séð um framkvæmd uppsláttar og uppsteypu byggingarinnar samkvæmt samningi við stefnda og þar af leiðandi einnig um uppsetningu verkpalla þeirra sem fyrirtækið taldi þörf á við framkvæmd verksins. Þá hafi stefnandi viðurkennt bótaskyldu fyrirtækisins að fullu gagnvart hinum slasaða, án nokkurs fyrirvara um að aðrir bæru þar hugsanlega bótaskyldu, og án nokkurs samráðs við stefnda um mögulega bótaskyldu hans í málinu. Stefnandi hafi þar með sjálfur ráðstafað sakarefninu og geti ekki eftir á ákveðið einhliða að aðrir eigi að bera bótaábyrgð

Stefndi hafnar því alfarið að hann beri ábyrgð á slysi því er hér um ræðir á grundvelli ábyrgðar byggingarstjóra þar sem hann beri ekki ábyrgð á líkamstjóni. Þá mótmælir stefndi því að 1. mgr. 36. gr. laga nr. 46/1980 eigi við í þessu tilviki. Enn fremur mótmælir stefndi því að hann hafi sýnt af sér saknæmt aðgæsluleysi sem byggingarstjóri. Hann hafi ekki „jánkað um öryggi vinnupallsins“, eins og fram komi í stefnu. Stefnandi hafnar því enn fremur að hann beri ábyrgð á slysi því er hér um ræðir á grundvelli ábyrgðar húsasmíðameistara. Hann beri ekki ábyrgð á því að frágangur steypumóta sé úttektarhæfur.

Verði fallist á að stefndi beri að einhverju leyti bótaábyrgð í málinu mótmælir hann þeirri afstöðu meðstefnda að ábyrgðartrygging hans taki ekki til tjónsins.

Stefndi telur að líta beri til eigin sakar hins slasaða en orsök slyssins megi alfarið rekja til gáleysis hans. Hann hafi sýnt af sér vítavert gáleysi með því að stökkva niður á umræddan vinnupall úr þó nokkurri hæð. Hinn slasaði, sem hafi verið vanur eftirlitsmaður, hefði átt að vita betur. Slysið hafi orðið þar sem hinn slasaði hafi stokkið óvarlega úr nokkurri hæð á vinnupallinn. Við þetta atvik hefði engu breytt hvernig pallurinn hefði verið útbúinn með tilliti til öryggis.

Stefndi byggir sýknukröfu sína enn fremur á því að stefnandi hafi sýnt af sér verulegt tómlæti gagnvart sér í málinu. Stefna hafi verið birt stefnda meira en fjórum árum eftir að slysið hafi átt sér stað. Stefnandi hafi ákveðið bótaskyldu og staðið að matsgerð í málinu, allt án nokkurrar vitneskju stefnda. Þá byggir stefndi á því að bótakrafan sé fyrnd gagnvart sér, en krafan hafi fyrnst á fjórum árum frá slysdegi. Vísar stefndi hér til 52. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingasamninga og laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda.

Kröfu sína um lækkun dómkrafna byggir stefndi á því að háttsemi hins slasaða eigi að leiða til þess, að stefnandi verði látinn bera meginhluta tjóns síns sjálfur á grundvelli eigin sakar. Meginástæða slyssins hafi verið gálaus háttsemi hins slasaða sjálfs. Komi til þess að bótaskylda verði á einhvern hátt felld á stefnda sé fyrirliggjandi örorkumati alfarið mótmælt, enda stefndi ekki aðili að því mati.

Um lagarök vísar stefndi til laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, einkum 2. mgr. 16. gr., 2. mgr. 18. gr. og 80. gr., meginreglna kröfuréttar, laga um váttryggingasamninga nr. 30/2004, einkum 44. gr. og 52. gr., laga nr. 46/1980, einkum 36. gr., almennra reglna um tómlæti og laga um fyrningu kröfuréttinda nr. 150/2007, laga nr. 46/1980, ásamt reglugerð. Málskostnaðarkrafa stefnda er byggð á XXI. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, einkum 130. gr. og 131. gr.

### **Málsástæður stefnda Váttryggingafélags Íslands hf.**

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að tjónsatvik falli ekki undir ábyrgðarsvið byggingarstjóra né skilmála lögboðinnar ábyrgðartryggingar byggingarstjóra. Stefndi og þar með ábyrgðarsvið byggingarstjóra samkvæmt skipulags- og byggingarlögum séu skilgreind í 51. gr. þeirra og dómaframkvæmd. Ábyrgð byggingarstjóra samkvæmt skipulags- og byggingarlögum sé takmörkuð við endanlegt ástand þess mannvirkis sem hann tekur að sér byggingarstjórn á. Þá byggir stefndi á því að ábyrgð byggingarstjóra samkvæmt skipulags- og byggingarlögum snúi að eiganda mannvirkis og byggingaryfirvöldum en að í henni felist ekki ábyrgð gagnvart þriðja aðila. Þar sem umrætt mannvirki sé í dag að fullu byggt í samræmi við uppdrætti, lög og reglugerðir og þar sem ekki hafi komið upp gallar sem rekja megi til þess að iðnmeistarar, sem komu að verkinu hafi ekki sinnt skyldum sínum með tæknilega og faglega fullnægjandi hætti, sé ljóst að meðstefndi hafi uppfyllt framangreindar skyldur sínar og verði því ekki krafinn um bætur á grundvelli vanrækslu á skyldum sínum samkvæmt skipulags- og byggingarlögum. Ábyrgð byggingarstjóra nái ekki til líkamstjóns heldur eingöngu til almenns fjártjóns eiganda byggingaframkvæmda t.a.m. til kostnaðar við lagfæringar á mannvirki, sbr. grein 33.1 í byggingarreglugerð. Þá sé tekið fram í tryggingaskilmálum að tryggingin taki ekki til líkamstjóns. Enn fremur byggir stefndi á því að líkamstjón tjónþola sé ekki með nokkru móti í orsakasambengi við nokkra mögulega vanrækslu á þeim skyldum sem á byggingarstjóra hvíla samkvæmt skipulags- og byggingarlögum.

Hvað varðar vísun stefnanda til laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerða sem eiga sér stoð í þeim þá vísar stefndi til þess að ábyrgð byggingarstjóra samkvæmt þessum réttarreglum taki til líkamstjóns. Lögboðin ábyrgðartrygging byggingarstjóra taki ekki til þeirra skyldna sem á herðum byggingarstjóra hvíli samkvæmt þeim auk þess sem tjónsatvik eigi ekki rætur að rekja til vanrækslu meðstefnda á þeim skyldum sem þar eru lagðar á byggingarstjóra. Þá hafi meðstefndi ekki gerst sekur um vanrækslu á skyldum sínum samkvæmt lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum sem sé í orsakasambandi við slys tjónþola. Meginregla laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum sé sú að það sé hver einstakur framkvæmdaaðili, sem atvinnurekandi, sem beri ábyrgð á því að ákvæðum laganna og þeim reglugerðum sem settar eru með stoð í þeim sé fylgt, sbr. 13. gr. laganna. Byggingarstjórar beri þá skyldu eina samkvæmt lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum að sjá um að samhæfðar séu ráðstafanir mismunandi atvinnurekenda til þess að koma í veg fyrir slys eða óhollustu, séu fleiri en einn atvinnurekandi að störfum við mannvirkjagerð, sbr. 36. gr. laganna. Ekkert í máli þessu bendi til þess að samhæfing ráðstafana mismunandi atvinnurekenda hafi verið orsök tjónsins.

Stefndi byggir sýknukröfu sína enn fremur á því að tjónsatvik falli ekki undir ábyrgðarsvið húsasmíðameistara né skilmála frjálsrar ábyrgðartryggingar þeirrar sem meðstefndi hafi haft hjá stefnda. Þar sem tjónsatvik hafi ekki verið í nokkrum tengslum við skyldur sem á byggingarstjóra séu lagðar samkvæmt skipulags- og byggingarlögum né samkvæmt lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum skipti litlu máli hvort frjáls ábyrgðartrygging meðstefnda taki til starfa hans sem byggingarstjóra. Enn fremur vísar stefndi til þess að umrædd trygging taki ekki til starfa meðstefnda sem byggingarstjóra.

Stefnda vísar til þess að í máli þessu liggja ekki fyrir sönnun þess að meðstefndi hafi vitað eða mátt vita af vanbúnaði þess vinnupalls sem stefnandi féll í gegnum. Stefndi mótmælir þeirri fullyrðingu stefnanda að meðstefndi hafi jánkað spurningu tjónþolans um öryggi vinnupallsins. Þá leiði sú skylda meðstefna að vera viðstaddur úttektir verkþátta ekki til þess að hann beri ábyrgð á líkama og heilsu annarra þeirra sem þurfi að vera á staðnum við úttekt.

Varakrafa stefnda um lækun dómkrafna byggir aðallega á því að ekki sé unnt að fella á meðstefnda helming ábyrgðar á tjóni sem rekja megi til vanbúnaðar vinnupalls sem starfsmenn BG smíða ehf. hafi sett upp með ófullnægjandi hætti. Samkvæmt 25. gr. skaðabótalaga skuli innbyrðis ábyrgð þeirra sem beri óskipta bótaábyrgð skiptast eftir því sem sanngjarnt þyki þegar litið er til eðlis skaðabótaábyrgðar þeirra og atvika að öðru leyti. Ábyrgð byggingarstjóra sé hvergi nærri jafn mikil og samanlögð ábyrgð BG smíða ehf.

Stefndi vísar varakröfu sinni til stuðnings enn fremur til eigin sakar tjónþola. Hann sé ekki bundinn af þeirri ákvörðun stefnanda að gera upp tjón tjónþola án þess að tillit sé tekið til eigin sakar hans. Tjónþola, sem þauvönnum starfsmanni byggingarfulltrúa, hafi ekki getað dulist að það væri hættulegt að hoppa um 90 cm niður á vinnupall. Þá hafi það verið í verkahring tjónþola að segja fyrir um breytingar á frágangi vinnupallsins og vinnuaðstöðu við steypumótin, teldi hann þörf á, sbr. gr. 56.9 í byggingarreglugerð.

Stefndi mótmælir upphafstíma dráttarvaxta frá fyrri tíma en dómsuppsögudegi. Krafa stefnanda sé ekki skaðabótakrafa. Krafa um greiðslu skuldar barst fyrst við málshöfðun og ekki verði ljóst hvort sú krafa hafi verið sett fram með réttu eður ei fyrir en við dómsuppsögu.

## IV

### Niðurstaða

Í máli þessu deila aðilar um ábyrgð á tjóni sem byggingarfulltrúi Mosfellsbæjar, varð fyrir er hann framkvæmdi úttekt á steypumótum byggingar við Stórakrika 26, en gólf vinnupalls gaf sig og féll fulltrúinn niður nokkra metra. Stefndi Benedikt var byggingarstjóri byggingarinnar. Hann var enn fremur eigandi og húsasmíðameistari hennar. Fékk hann verktakafyrirtækið BG smíðar ehf. til að

sjá um uppslátt og uppsteypu. Við framkvæmd verksins slógu starfsmenn verktakafyrirtækisins upp vinnupall þann sem byggingarfulltrúinn féll niður um. Stefnandi viðurkenndi bótaskyldu BG smíða ehf. og greiddi byggingarfulltrúanum að fullu bætur úr ábyrgðartryggingu sem fyrirtækið var með hjá stefnanda. Stefnandi telur hins vegar að stefndi Benedikt beri ábyrgð á helmingi tjónsins. Kröfur sínar á hendur Benedikt byggir stefnandi á sakarreglunni, annars vegar á hendur honum sem byggingarstjóra og hins vegar sem húsasmíðameistara. Kröfur sínar á hendur stefnda, Vátryggingafélagi Íslands hf., byggir stefnandi á að stefndi Benedikt hafi haft starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra og frjálsa ábyrgðartryggingu hjá félaginu.

Af hálfu stefnda Benedikts er m.a. byggt á því að sýkna skuli hann af kröfum stefnanda á grundvelli aðildarskorts þar sem kröfu beri að beina að meðstefnda eingöngu. Ekki er unnt að fallast á þetta sjónarmið stefnda þar sem í 1. mgr. 44. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingasamninga er heimildarákvæði þess efnis að tjónþoli geti krafist bóta beint frá tryggingarfélagi.

Fyrir liggur skýrsla Vinnueftirlitsins um slysið. Þar kemur fram að meginorsök slyssins megi rekja til þess að vinnupallurinn uppfyllti ekki lágmarkskröfur um öryggi. Um hafi verið að ræða svokallaðan knektarpall sem festur var utan á steypumót. Hafi hann verið mjög vanbúinn og ekki uppfyllt ákvæði reglugerða um búnað vinnupalla. Gólf hans hafi verið veikburða og engin handrið á honum. Vantað hafi knekti eða undirstöður undir miðju gólfs pallarins. Verður með hliðsjón af þessu að leggja til grundvallar að vinnupallurinn hafi verið vanbúinn. Þótt byggingarfulltrúinn kunni að hafa stokkið niður á pallinn verður samt sem áður að telja að meginorsök þess að pallurinn brotnaði hafi verið vanbúnaður hans.

Þegar fasteignin Stórikriki 26 var reist giltu um ábyrgð byggingarstjóra skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997. Í 3. mgr. 52. gr. laganna var kveðið á um að byggingarstjóri bæri ábyrgð á því að byggt væri í samræmi við samþykktu uppdrætti, lög og reglugerðir. Sambærilegt ákvæði er að finna í 32. gr. þágildandi byggingarreglugerðar nr. 441/1998. Af dómum Hæstaréttar verður dregin sú ályktun að ábyrgð byggingarstjóra liggi enn fremur í að hafa yfirumsjón og eftirlit með byggingarframkvæmdum, þar á meðal að iðnmeistarar, sem komi að verki fyrir hans atbeina sinni skyldum sínum og að framkvæmdin sé tæknilega og faglega fullnægjandi. Að mati dómsins er það hlutverk byggingarstjóra, sem æðsta yfirmanns byggingaframkvæmda, að sjá til þess að fyllsta öryggis sé gætt á byggingarstað og að gerðar séu ráðstafanir til að koma í veg fyrir slysahettu. Verði annmarkar á verkum iðnmeistara eða annarra sem að verkinu koma að þessu leyti kann ábyrgð að falla á byggingarstjóra. Fram hefur komið að umræddur vinnupallur uppfyllti ekki lágmarkskröfur um öryggi að mati Vinnueftirlitsins. Með hliðsjón af framangreindu verður að telja að stefndi Benedikt, sem byggingarstjóri verksins, beri, ásamt fyrirsvarsmönnum verktakafyrirtækisins BG smíðum ehf. ábyrgð á tjóni stefnanda enda mátti honum vera ljós vansmíði vinnupallsins hefði hann sinnt hlutverki sínu eðlilega. Ekki er unnt að fallast á þá málsástæðu stefndu að ábyrgð byggingarstjóra nái ekki til líkamstjóns enda hefur Hæstiréttur í dómaframkvæmd komist að gagnstæðri niðurstöðu, sbr. dóm réttarins í máli nr. 82/2005, frá 6. október 2005.

Stefndi Vátryggingafélag Ísland hf. vísar enn fremur á sýknukröfu sinni til stuðnings að tjónsatvik falli ekki undir skilmála lögboðinnar ábyrgðartryggingar byggingarstjóra. Hin lögboðna starfsábyrgðartrygging byggingarstjóra er eins og heitið ber með sér ábyrgðartrygging. Í því felist að stefndi skuldbatt sig til að bæta byggingarstjóranum það tjón, sem hann verður fyrir, við það að verða skaðabótaskyldur gagnavart tjónþola samkvæmt reglum skaðabótaréttar. Samkvæmt 1. mgr. 33. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998 skal byggingarstjóri „hafa í gildi tryggingu vegna fjárhagstjóns sem leitt getur af gáleysi í starfi hans“. Í 2. og 3. mgr. 33. gr. reglugerðarinnar eru heimildir til að takmarka ábyrgðartrygginguna með þeim hætti að áskilja hámarksvátryggingarfjárhæð og sjálfsáhættu byggingarstjórans, en síðargreinda takmörkunin má þó ekki skerða rétt þess til bóta, sem fyrir tjóni verður og öðlast kröfu á byggingarstjóran. Ekki er að finna heimildir til annars konar takmarkana og í ljósi þess að um lögboðna ábyrgðartryggingu er að ræða var hinu stefnda félagi óheimilt, sbr. 1. mgr. 45. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga, að takmarka bótasvið vátryggingarinnar í vátryggingarskilmálum við tjón „sem rakið verður til þess að ekki hefur verið byggt í samræmi við samþykktu uppdrætti, lög og reglugerðir“.

Ekki er heldur unnt að fallast á þá málsástæðu stefnda Benedikts að sýkna beri hann af kröfum stefnanda vegna tómlætis eða fyrningar. Ljóst er að meðstefnda var í kjölfar slyssins gert kunnugt um málið, sbr. að hann stóð ásamt stefnanda að matsbeiðni til að meta afleiðingar tjóns byggingarfulltrúans. Skylda til að tilkynna stefnda Benedikt um tjónið hvíldi á meðstefnda, sbr. 2. mgr. 44. gr. laga nr. 30/2004. Þá á 52. gr. nefndra laga við um fyrningu á ábyrgð tryggingarfélags en ekki vátryggðs.

Stefndu byggja jafnframt á því að tjónþoli beri meðábyrgð á tjóni sínu þar sem hann hafi sýnt af sér gáleysi. Við mat á þessu er til þess að líta að tjónþoli hafði um árabíl starfað við eftirlit á byggingarstöðum fyrir byggingarfulltrúa. Hluti af störfum byggingarfulltrúa getur verið að segja fyrir um gerð og frágang vinnupalla og aðrar öryggisráðstafanir á byggingarstað sem hann telur þörf á, sbr. grein 56.9 í byggingarreglugerð nr. 441/1998. Í framburði tjónþola fyrir dómi kom fram að honum hafi litist illa á vinnusvæðið, allt hefði verið í drasli og litlu mátt muna að hann hætti við úttektina. Mátti honum því vera ljóst að aðstæður væru varhugaverðar og telja verður rétt að tjónþoli beri af þeim sökum þriðjungi tjónsins.

Samkvæmt framangreindu er fallist á að stefndu verði sameiginlega (in soldium) dæmdir til að endurgreiða stefnanda tvo þriðju af helmingi þeirra bóta sem hann greiddi tjónþola, samtals 4.256.754 kr. Ekki er efni til að skipta innibyrðis ábyrgð með öðrum hætti, sbr. 1. mgr. 25. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 eins og stefndi Vátryggingafélagi Íslands hf. hefur krafist. Þar sem um endurkröfu er að ræða þykir 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu ekki eiga við. Er því kröfu stefnanda um vexti samkvæmt þeirri grein hafnað. Samkvæmt gögnum málsins setti stefnandi fyrst með birtingu stefnu fram sundurliðaða kröfugerð gagnvart stefndu. Með vísan til 4. mgr. 5. gr. laganna reiknast dráttarvextir á framangreinda fjárhæð frá 29. apríl 2011 en þá var stefna birt stefnda Benedikt.

Í samræmi við þessa niðurstöðu og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála verða stefndu dæmdir til að greiða stefnanda málskostnað sem telst hæfilega ákveðinn 1.000.000 kr., þ.m.t. virðisaukaskattur.

Kolbrún Sævarsdóttir héraðsdómari kvað upp dóminn.

## **D Ó M S O R Ð**

Stefndu, Benedikt Eggertsson og Vátryggingafélag Íslands hf., greiði stefnanda Tryggingamiðstöðinni hf., óskipt 4.256.754 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 29. apríl 2011 til greiðsludags.

Stefndu greiði stefnanda 1.000.000 kr. í málskostnað.

Kolbrún Sævarsdóttir